



Þegar flutt er í nýtt húsnæði er gott að hafa eftirfarandi umhverfissjónarmið í huga:

- Við gerum kröfu um orkusparnað, s.s. með tímastýrðri loftræstingu, vatnssparandi krönum og notendastýrðri lýsingu.
- Við gerum kröfu um að umhverfissvottuð efni séu notuð í enduruppbyggingu s.s. málning, gólfefni og byggingarplötur. Gott úrval er af Svansvottuðum efnum og efnum með Evrópublómssvottun í byggingarvöruverslunum, endilega spyrjist fyrir.
 - Athugið að hægt er að fá Svansvottun á endurbætur á húsnæði, Svansvottun á byggingar og BREEAM vottun á byggingar, sjá t.d. efni [hér](#).
 - Upplýsingar um Svaninn og Evrópublómíð [hér](#).
 - Upplýsingar um Svansvottun á endurbótum Umhverfisstofnunar [hér](#).
- Þar sem viðvera er lítil, svo sem á snyrtingum og í geymslum er gott að hafa hreyfiskynjara í stað rofa.
- Gott aðgengi þarf að vera fyrir flokkun (góð og vel merkt ílát sýnileg/vel staðsett).
- Í mötuneyti og/eða á kaffistofum þarf fólk að hafa aðgang að vaski til að skola umbúðir sem fara í flokkun.
- Gott aðgengi að hleðslu fyrir bíla og hjól starfsfólks og gesta.
- Huga þarf að hjólandi og gangandi starfsfólki og gestum.
 - Góð aðstaða til að geyma og læsa hjólum. T.d. hjólabogar fyrir gesti en hjólaskýli fyrir starfsfólk. Aðgengi að viðgerðarsetti er kostur.
 - Góð aðstaða til að fara í sturtu og skipta um föt. Þurrskápur fyrir blaut föt í aðstöðunni og pláss til að geyma íþróttafötin.